

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Álftaneshrepps, Borgarbyggðar, Borgarhrepps og Þverárhlíðarhrepps.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 27. mars 1998 staðfest sameiningu Álftaneshrepps, Borgarbyggðar, Borgarhrepps og Þverárhlíðarhrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyrja þessum fjórum sveitarfélögum skulu falla til hins nýja sveitarfélags.

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 23. maí 1998, sbr. 1. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 20. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna.

Kjósa skal níu fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórnirnar fjórar koma sér saman um skipun þriggja fulltrúa í yfirkjörstjórn og þriggja til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 7. júní 1998.

Nafn hins nýja sveitarfélags er Borgarbyggð.

Félagsmálaráðuneytinu, 27. mars 1998.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag verslunar- og þjónustumiðstöðvar í Kópavogsdal.

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs 24. mars 1998 var samþykkt breytt deiliskipulag af svæði sem afmarkast af Reykjanesbraut í austur, Hagasmára í suður, Smárahvamsvegi í vestur og Fífuhvamsvegi í norður.

Í deiliskipulaginu felst að á ofangreindu svæði verði byggð verslunar- og þjónustumiðstöð allt að 50.000 m² á tveimur til þremur hæðum.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og yfirlagið af Skipulagsstofnun.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Skipulagsstjóri Kópavogs, 31. mars 1998.

Birgir H. Sigurðsson.